

Mánudaginn 25. apríl 1960.

Nr. 204/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Kristjáni Ásgeirssyni (Haukur Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ.
Toríason prófessor.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar hann, með stefnu 13. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að bifreiðin VL 72 hafi hinn 10. júlí 1956, er atvik máls þessa gerðust, verið í eigu aðilja, sem taldist til „líðs Bandaríkjanna“ samkvæmt 1. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951. Eftir gögnum málsins verður og við það að miða, að nefnd bifreið hafi þá ekki verið tryggð hjá neinu tryggingarfélagi samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1952, en á þeim tíma voru lagaákvæði þessi í gildi. Er því lýst af hálfu áfrýjanda, að varnarliðið hafi ekki tryggt bifreiðar, sem merktar eru einkennisstöfunum VL, hjá tryggingarfélögum samkvæmt greindum lagaboðum, heldur haft þær í sjálfstryggingu.

Hinn erlendi aðili fékk Sameinuðum verktökum bifreiðina til sjálfstæðra umráða og afnota. Bar þeim að vátryggja hana, þar sem þeir tóku við henni úr höndum erlends aðilja, sem eigi vátryggir bifreiðar sínar. Og þar sem varnarliðið

lét bifreið sína úr umsjá sinni í hendur íslenzks aðilja án þess að ganga tryggilega frá því, að hún væri vátryggð lögum samkvæmt, er áfrýjandi ábyrgur samkvæmt 2. tl. 12. gr. áðurnefndra laga nr. 110/1951 fyrir þeim greiðslum, sem á vátryggingarfélag hefðu fallið, ef bifreiðin hefði verið tryggð eftir 1. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ekki verður talið, að bætur til handa stefnda hafi verið of hátt ákveðnar í héraði, ber að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Kristjáni Ásgeirssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Kristján Ásgeirsson bifreiðarstjóri, Þórshöfn, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 24. júní 1958, gegn Sameinuðum verk-tökum, hér í borg, og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Eru kröfur stefnanda *aðallega* þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 51.880.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. september 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins, en *til vara*, að þeim verði gert að greiða lægri fjárhæð eftir mati dómarsins ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í aðalkröfunni greinir.

Báðir stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarsins.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni 10. júlí 1956 varð bifreiðaárekstur á Heiðarfjalli í Norður-Þingeyjarsýslu. Rákust þar saman vörubifreiðin Þ 264, eign stefnanda, og dráttarbifreiðin VL 72, eign varnarliðs Bandaríkjanna.

Stefnandi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, skýrir

svo frá, að hann hafi verið á leið upp Heiðarfjall með malarfarm á bifreiðinni. Er hann var staddur í brekku neðan til í fjallinu, hafi hann séð VL 72 koma niður fjallið. Kveður hann hraða bifreiðar sinnar þá hafa verið um 15—20 km miðað við klukkustund. Hann kveðst hafa vikið eins utarlega á vinstri vegbrún og honum var unnt, en um leið og VL 72 var ekið fram hjá, hafi hann fundið, að þungt högg kom á bifreið hans, og hafi framandi bifreiðarinnar um leið kastast inn á veginn. Við athugun hafi komið í ljós, að hægri afturhjól bifreiðanna höfðu slegist saman og hjólfelgurnar krækzt hvor í aðra.

Ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar, Trausti Björnsson, kveðst hafa verið á leið niður í sandgryfju við fjallsræturnar í umrætt sinn, og hafi ökuhraði bifreiðarinnar verið 24—32 km miðað við klukkustund. Er hann ók framhjá bifreið stefnanda, hafi hann talið, að hann væri í nægilegri fjarlægð frá henni, en reyndin hafi orðið önnur, því að hægri afturhjól bifreiðanna hafi rekizt saman. Við áreksturinn hafi bifreið sú, er hann ók, snúizt þvert á veginum, og hafi hann ekki árætt að beita hemlum af ótta við, að bifreiðinni hvolfdi þá. Er bifreiðin var komin fremst á vegbrúnina, sem stefnandi ók eftir, hafi hann hemlað, en bifreiðin hafi runnið áfram niður af vegbrúninni og numið staðar í stórgryti þar fyrir neðan.

Nokkru eftir áreksturinn komu tveir lögregluþjónar frá Þórshöfn á vettvang. Í skýrslu, sem annar þeirra hefur skráð, segir á þessa leið um atvik að árekstrinum:

„.... Aðalorsök árekstursins virðist vera sú, að VL 72 hefur komið á talsverðri ferð niður brekkuna. VL 72 er mjög létt að aftan og mun hafa slegist til á veginum, um leið og bifreiðarnar mættust. Þ 264 var það utarlega á vegarkanti, að eigi varð tæpara farið, án þess að eiga á hættu, að kanturinn myndi springa, en hann er 4 metra hár á þessum stað“

Í skýrslu lögregluþjónsins er getið skemmda á bifreiðunum við áreksturinn. Segir þar um skemmdir á bifreið stefnanda, að afturfelgur hægra megin hafi verið stórskemmdar, fjaðrir og fjaðrahengsli hafi verið brotin og skemmd beggja megin, afturöxull hafi verið boginn og stórskemmdur, grind hafi verið skekkt og drifskaf skemmt.

Því er yfirlýst af báðum stefndu, að ekki sé vefengt, að ökumaður VL 72 hafi einn átt sök á árekstrinum.

Kröfur sínar á hendur Sameinuðum verktökum reisir stefnandi á því, að maður sá, er í umrætt sinn ók bifreiðinni VL 72,

hafi verið starfsmaður þeirra og einn valdið árekstrinum með ógætilegum akstri. Beri þeir því fébótaábyrgð á tjóni því, sem af árekstrinum hlaut.

Kröfum sínum beinir stefnandi að fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, „þar sem ríkissjóður ber að minnsta kosti að nokkru leyti ábyrgð á bótaskyldum verknaði varnarliðsins og tjóni, sem hlýzt af veru þess hér“, eins og komið er að orði í greinargerð hans.

Sameinaðir verktakar reisa sýknukröfu sína á því, að þeir hafi ekki átt bifreiðina VL 72, heldur varnarliðið. Á hinn bóginn hafi þeim verið látin bifreiðin í té samkvæmt verksamningi milli þeirra og hinna bandarísku verktaka Hamilton Smith Beck Companies, sem á þeim tíma sáu um mannvirkjagerð á vegum varnarliðsins hér á landi. Umrád þeirra yfir bifreiðinni hafi eingöngu verið bundin við framkvæmd á verkefni því, sem þeir tókust á hendur samkvæmt greindum samningi, þ. e. byggingu ratsjárstöðvar á Heiðarfjalli. Hér hafi því ekki verið um það að ræða, að Sameinaðir verktakar væru umráðamaður bifreiðarinnar í merkingu 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en af því leiði, að eigandaábyrgð varnarliðsins á bifreiðinni hafi verið fyrir hendi, þegar áreksturinn varð, sem málið fjallar um. Sýknukröfu sinni til frekari rökstuðnings benti þessi stefndi á það við munnlegan flutning málsins, að umrædd bifreið hafi, þrátt fyrir umráð þeirra yfir henni, eftir sem áður borið skrásetningarmerki varnarliðsins og eigi verið váttryggð fremur en aðrar bifreiðar þess hér á landi.

Stefndi ríkissjóður reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls sökum þess, að bifreið sú, sem um ræðir, hafi verið lánuð Sameinuðum verktökum í sambandi við framkvæmdir þeirra á Heiðarfjalli og starfsmaður þeirra hafi ekið bifreiðinni á þeirra vegum, er umræddur árekstur varð. Þeir hafi því á þessum tíma borið ábyrgð á bifreiðinni og fébótaskyldu tjóni, sem af notkun hennar hlaut. Þessi stefndi vefengir aftur á móti ekki, að hann komi í stað eiganda bifreiðarinnar um ábyrgð á henni, ef ekki yrði fallið á þau sjónarmið hans, að eigandaábyrgðin hefði færzt yfir á meðstefnda.

Maður sá, sem ók VL 72, var starfsmaður stefnda Sameinaðra verktaka og ók bifreiðinni á þeirra vegum við framkvæmdir, sem þeir höfðu tekizt á hendur og sáu um. Eins og áður var getið, er ágreiningslaust, að maður þessi hafi einn valdið árekstrinum með gálauslegum akstri. Beri því þessi stefndi sem atvinnu-

rekandi fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni hans af völdum árekstrarins.

Bifreiðin VL 72 var eign varnarliðsins, en látin Sameinuðum verktökum í té samkvæmt áðurgreindum verksamningi til framkvæmdar á þargreindu verki í þágu varnarliðsins. Bifreiðin bar skrásetningarmerki varnarliðsbifreiða og var ekki, fremur en aðrar slíkar bifreiðar hér á landi, tryggð hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu, sbr. lög nr. 23/1941, 36. gr., nú lög nr. 26/1958, 70. gr. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að eigandaábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 35. gr. laga nr. 23/1941, er giltu á þessum tíma, hafi færzt yfir á Sameinaða verktaka þrátt fyrir umráð þeirra yfir bifreiðinni, en af því leiðir, að ríkissjóður, sem kemur hér í stað bifreiðareigandans, ber einnig fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni hans.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir in solidum til greiðslu þess tjóns, sem stefnandi telst hafa beðið af völdum árekstrarins.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 21.880.70
2. Afnotamissir	— 15.000.00
3. Verðyrnun á bifreiðinni	— 15.000.00

Kr. 51.880.70

Um 1.

Kröfuliður þessi sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 2.

Báðir stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann miðar við, að viðgerð á bifreiðinni eftir áreksturinn hafi tekið 2—3 vikur, og gerir ráð fyrir, að brutto-tekjur af akstri vöru-bifreiðar á því tímabili, miðað við ótakmarkaða atvinnu, eins og hann telur sig hafa átt kost á, hafi numið kr. 15.000.00. Hefur stefnandi lagt fram til stuðnings þessum kröfulið gögn um brutto-tekjur af akstri annarrar vörubifreiðar, Þ 65, á tímabilinu 7.—27. júlí 1956, og nema þær alls kr. 10.643.00.

Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hverjar tekjur stefnandi hafði af akstri bifreiðar sinnar, áður en umrætt tjón varð á henni, og ekki heldur, hverjar þær tekjur voru, eftir að viðgerð á bifreiðinni lauk. Af gögnum málsins virðist mega

ráða, að viðgerðin hafi tekið rétt rúman hálfan mánuð. Þegar það er haft í huga og þess gætt, að hér var um vöruflutninga-bifreið að ræða, sem stefnandi notaði til leiguaksturs, þá þykir hæfilegt að meta tjón hans vegna afnotamissis kr. 4500.00.

Um 3.

Báðir stefndu hafa mótmælt því, að þessi kröfuliður eigi nokkurn rétt á sér.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin sé ekki jafngóð eftir áreksturinn þrátt fyrir viðgerð þá, sem framkvæmd var á henni. Grind bifreiðarinnar hafi skekkzt svo, að ekki varð við gert, bifreiðin sé „slæm í stýri“ og sé þar af leiðandi um meira slit á því að ræða en ella, og „kast“ sé á hjólum, sem hafi í för með sér óeðlilega mikið slit á hjólbörðum. Af þessu leiði, að viðhald bifreiðarinnar verði miklu meira en ella og ending hennar jafnframt minni. Áætlað stefnandi tjón sitt af þessum sökum nema þeirri fjárhæð, sem hér er krafizt.

Stefnandi hefur engar sönnur leitt að því, að tjón það, er á bifreið hans varð við áreksturinn, hafi ekki verið að fullu bætt með viðgerð þeirri, sem framkvæmd var og krafizt er greiðslu á undir 1. lið hér að framan. Er því ekki unnt, gegn mótmælum stefndu, að taka þenna síðasta lið kröfunnar til greina að neinu leyti.

Samkvæmt því, er að framan greinir, telst tjón stefnanda af völdum árekstrarins nema alls kr. 26.380.70 (kr. 21.880.70 + kr. 4500.00). Verða stefndu dæmdir in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnaði, sem ákveðst kr. 3000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Sameinaðir verktakar og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Kristjáni Ásgeirs-syni, kr. 26.380.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. september 1956 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.